

Vefkökustefna fyrir Orka Card

Þetta er vefkökustefna fyrir Orka Card sem nálgast má á www.orkacard.com

Hvað eru vefkökur

Líkt og venjan er með nánast öll atvinnutengd vefsvæði notast þetta vefsvæði við vefkökur sem eru litlar skrár sem hlaðið er niður í tölvuna þína til að bæta upplifun þína. Á þessari síðu er því lýst hvaða upplýsingum þær safna, hvernig við notum þær og hvers vegna við þurfum stundum að geyma slíkar vefkökur. Jafnframt er því lýst hvernig koma má í veg fyrir að vefkökur séu geymdar en slíkt getur þó dregið úr eða „rofið“ ákveðna þætti í virkni vefsvæðisins.

Notkun okkar á vefkökum

Við notum vefkökur í margvíslegum tilgangi sem nánar er lýst hér á eftir. Í flestum tilvikum er því miður ekki um að ræða neina kosti sem fylgja iðnaðarstöðlum til að slökkva á vefkökum án þess að loka með öllu á þá virkni og eiginleika sem þeim fylgja. Mælt er með því að þú hafir kveikt á öllum vefkökum ef þú ert ekki viss um hvort þú þurfir þær eða ekki ef þær eru notaðar til að veita þjónustu sem þú notar.

Slökkt á vefkökum

Hægt er að koma í veg fyrir notkun á vefkökum með því að breyta stillingum vafrans (sjá hjálparvalmynd vafrans). Hafðu í huga að ef slökkt er á vefkökum hefur það áhrif á virkni þessa vefsvæðis og annarra vefsvæða sem þú heimsækir. Yfirleitt þegar slökkt er á vefkökum leiðir það jafnframt til þess að það slokknar á ákveðinni virkni og eiginleikum þessa vefsvæðis. Þess vegna er mælt með því að ekki sé slökkt á vefkökum.

Vefkökur sem við notum

- Vefkökur vegna eyðublaða
- Þegar þú sendir gögn í gegnum eyðublað á borð við þau sem finna má á samskiptasíðum eða athugasemdareitum kunna vefkökur að vera notaðar til að muna upplýsingar um notandann síðar.
- Vefkökur vegna kjörstillinga
- Til þess að upplifun þín verði sem best bjóðum við þér að stilla kjörstillingar fyrir notkun á þessu vefsvæði. Við þurfum að nota vefkökur til að muna kjörstillingar þínar svo hægt sé að kalla fram þessar upplýsingar þegar þú átt samskipti við vefsíðu sem þessar kjörstillingar eiga við um.

Vefkökur þriðju aðila

Í ákveðnum tilvikum notum við einnig vefkökur sem koma frá traustum utanaðkomandi aðilum. Hér á eftir er farið yfir þær vefkökur frá þriðja aðila sem þú kannt að rekast á á þessu vefsvæði.

- Þetta vefsvæði notast við Google Analytics sem er ein útbreiddasta og traustasta greiningarlausn sem til er á netinu sem auðveldar okkur að skilja hvernig þú notar vefsvæðið og hvernig við getum bætt upplifun þína. Þessar vefkökur kunna að skrá hluti á borð við hve lengi þú ert á vefsvæðinu og hvaða síður þú heimsækir svo við getum áfram búið til viðeigandi efni.
- Nánari upplýsingar um Google Analytics má nálgast á opinberri vefsíðu Google Analytics.
- Við og við prófum við nýja eiginleika og gerum smávægilegar breytingar á því hvernig vefsvæðið er sett fram. Þegar við erum enn að prófa nýja eiginleika kunna þessar vefkökur að

vera notaðar til að tryggja að upplifun þín af vefsvæðinu verði samfelld á meðan þú ert þar og jafnframt að við skiljum hvaða stillingaratriði notendur okkar kunna best að meta.

- Google AdSense-þjónustan sem við notum til að birta auglýsingar notar DoubleClick-vefköku til að birta meira viðeigandi auglýsingar og takmarka hversu oft þú sérð tiltekna auglýsingu.
- Nánari upplýsingar um Google AdSense má nálgast á lista yfir spurningar um persónuvernd á opinberri síðu Google AdSense.
- Þetta vefsvæði notar Meta Pixel sem gerir okkur kleift að skrá athafnir þínar á vefsvæðinu. Hægt er að nota það til að mæla skilvirkni auglýsinga, skilgreina sérstaka markhópa fyrir auglýsingar og herferðir og til að greina skilvirkni verslunargátta vefsvæðisins.
- Nánari upplýsingar um Meta Pixel má nálgast á opinberu vefsvæði Meta Pixel.
- Nokkrir samstarfsaðilar auglýsa fyrir okkar hönd og nota rakningarvefkökur í því skyni að gera okkur kleift að sjá hvort viðskiptavinir okkar hafi komið á vefsvæðið í gegnum vefsvæði samstarfsaðila okkar svo við getum launað þeim og eftir atvikum gert þeim kleift að veita þér þau fríðindi sem þeir veita þér fyrir kaup.

Nánari upplýsingar

Við vonum að þetta hafi skýrt málin fyrir þér og eins og áður hefur komið fram er oftast öruggara að hafa kveikt á vefkökum ef þú veist ekki hvort þú þarft á þeim að halda eða ekki ef ske kynni að þær hefðu áhrif á virkni vefsvæðisins.

Ef þú þarft enn frekari upplýsingar geturðu haft samband við okkur eftir einni af þeim samskiptaleiðum sem við kjósum:

- Netfang: privacy@orkacard.com